



FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI
BARN Á RÉTT Á BÁÐUM FORELDRUM

Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2010 til 2011

Félag um foreldrajafrétti

Stjórn eftir síðasta aðalfund

Síðasti aðalfundur Foreldrajafréttis var haldinn þann 30. september 2010.

Aðalstjórn:

- Heimir Hilmarsson, formaður,
- Nína Björg Sæmundsdóttir
- Rúnar Gíslason
- Karvel Aðalsteinn Jónsson
- Rúnar Gregory Muccio
- Inga Helga Sveinsdóttir
- Þórólfur Gunnarsson
- Lúðvík Börkur Jónsson
- Sigrún Einarsdóttir

Varastjórn:

- Ásgeir Ingui Jónsson
- Birgir Grímsson
- Hallgrímur Egilsson
- Jón Gunnar Hannesson

Félagslegur endurskoðandi: Guðjón Ó. Helgason.

Almennt um félagið

Starf félagsins hefur verið gróskumikið síðustu árin og skilningur fólks fer vaxandi á þeim áhersluatriðum sem félagið hefur talað fyrir. Félagið hefur tamið sér öguð og fagleg vinnubrögð nú síðustu ár og árangur þess hefur fyrst og fremst mælst í breyttu viðmóti fjölmiðla- og stjórnálaganna. Sem dæmi má nefna að félagið tilnefnir nú í eitt sæti jafnréttisráðs.

- Félagið tekur ekki afstöðu í málum einstaklinga
- Félagið hefur mótað sér skýrari stefnu í einstökum málum
- Félagið hefur skilgreint sig í kringum orðið foreldrajafrétti
- Félagið telur að báðir foreldrar eigi að taka jafna ábyrgð á börnum sínum eftir skilnað.

Almennt telur félagið að málflutningur félagsins verði að vera öfgalaus og þjóna hagsmunum barna en ekki foreldra.

Félag um foreldrajafrétti

Baráttumál félagsins í „Hvers vegna“

Í mars 2009 gaf félagið út bæklinginn „Hvers vegna“ þar sem stefnumál félagsins voru sett fram með skýrum hætti:

- öll sjálfvirk forsjá sambúðaraðila eða maka falli niður
- dómarar fái heimild til að dæma sameiginlega forsjá
- forsjárlausir foreldrar fái aðgang að skriflegum upplýsingum
- umgengnismál verði hluti af dómskerfinu
- dómarar fái heimild til að dæma umgengni í allt að 7 daga af 14
- kostnaður við umgengni verður sameiginlegur
- karlmönnum verði heimilt að höfða faðernismál
- tvöfalt lögheimili barns gert valkvætt
- takmörkun á lögheimilisflutningi barns sem hefur umgengni
- hert verði á refsingum og meðferð umgengnistálmana

Fjármál

Félagið hefur verið á fjárlögum í nokkur ár, þessi styrkur ríkisins var kominn í 1.500 þús á ári fyrir bankahrún, en fyrir árið 2010 vorum við lækkuð um 20% eins og mörg önnur félög. Aftur vorum við lækkuð töluvert fyrir árið 2011 og vorum þá komin niður í 1.000 þús styrk fyrir það árið. Þessi lækkun á fjárlögum verður að teljast pólitísk fremur en vegna afleiðinga af bankahrúni því þessi skerðing var ekki flöt á línuna eins og árið áður og má nefna sem dæmi að Félag einstæðra foreldra hækkaði um 500 þús á milli ára á sama tíma og Félag um foreldrajafrétti lækkaði um 300 þús milli ára.

Félagið hefur leitað leiða til sparnaðar og greiðir til að mynda ekki lengur fyrir hýsingu heimasíðunnar, en sá kostnaður nam um 100 þús krónum á ári. Á þessu ári hafa verið lagðir peningar í auglýsingar, svo sem í kringum feðradaginn svo og í lögfræðipjónustu og sérfræðivinnu. Engar breytingar hafa verið gerðar á barnalögum þannig að öll okkar baráttumál standa eins og þau voru þegar bæklingurinn 2009 var gefinn út svo félagið hefur ekki farið út í útgáfu á efni þetta árið.

Síðasta sumar fékk félagið 300 þús króna styrk frá Jafnréttisráði sem sérstaklega er ætlaður til ráðstefnu þar sem kynna má væntanlegar breytingar á barnalögum í frumvarpi því sem Innanríkisráðherra lagði fram á síðasta þingi og leggur væntanlega fram aftur á yfirstandandi þingi. Slík ráðstefna kostar alltaf meiri pening en þessar 300 þús krónur svo við þurfum að afla fleiri styrkja eða ganga á sjóði okkar.

Félag um foreldrajafrétti

Almennir félagsfundir

Félagið stóð fyrir almennum félagsfundum fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, flesta mánuði síðata árs. Félagfundir í ár voru fyrst og fremst til þess fallnir að gefa félagsmönnum tækifæri til að hitta aðila úr stjórninni og hvorn annan til skrafs og ráðagerða. Rúnar Muccio hefur haldið þessum fundum lifandi nánast eins lífs þetta árið eins og áður.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru ekki eins oft og reglulega eins og tvö þrjú síðustu ár, enda hefur stjórnin unnið heilmikið verk á undanförunum árum með útgáfu á efni og ritun umsagna. Lítið rúm virtist vera í kjölfar bankahrunsins til þess að koma málefnum okkar á framfæri fyrr en nú nýlega þegar hreyfing komst á frumvarpið sem hafði legið lengi ofan í skúffu ráðherra. Stjórnin kom saman í þó nokkur skipti til að setja saman enn eina umsögnina í kjölfar frumvarps sem hafði fengið harkalega meðferð ráðherra eða starfsmanna hans. Frumvarpið var lagt fram án dómarameimildar sem var grunnforsendan fyrir mest öllu öðru sem kom fram í frumvarpinu. Án dómarameimildar er frumvarpið nánast einskis nýtt plagg og á margan hátt verra en engar breytingar.

Jafnréttisráð

Í jafnréttisráði situr nú formaður félagsins, Heimir Hilmarsson, og Lúðvík Börkur Jónsson er varamaður hans.

Facebook

Árið 2010 kom félagið sér um Facebook grúppu sem á stuttum tíma stækkaði upp í 7000 meðlimi. En vegna breytinga hjá Facebook, þá vilja þeir ekki svona stórar grúppur og benda eigendum þeirra á að verða sér úti um „Like“ síður í þess stað. Félagið stofnaði þá síðu sem hægt er að Like'a á og þar erum við komin með rúmlega 1.100 aðdáendur. Þessi síða verður kynnt frekar til að afla fleiri aðdáenda, enda erum við þess full viss að meirihluti þjóðarinnar styður málstað okkar.

Fjölmiðlatengsl

Skrifaðar voru nokkrar greinar í dagblöð af félagsmönnum um málefni félagsins. Einnig komu fulltrúar fram í fjölmiðlum. Bæði í útvarpi og sjónvarpi. Þar á meðal var góð og mikil umfjöllun í Fréttablaðinu um ferð Heimis Hilmarssonar til Bruzzel í júní síðastliðnum þar sem hann tók þátt í ráðstefnu í húsakynnum Evrópubandalagsins um að öll Evrópuríki yrðu að vera með að lágmarki eins mánaða feðraorlof. Í þessari sömu ferð tók Heimir þátt í því sem fulltrúi Félags um foreldrajafrétti að stofna ný samtök, Platform for European Fathers (PEF), sem hefur það markmið að koma málefnum feðra og þarf að leiðandi barna þeirra áleiðis á vettvangi Evrópubandalagsins, en í umfjöllun Fréttablaðsins var fjallað um stofnun þessara samtaka einnig.

Félag um foreldrafrétti

Símabjónusta

Foreldrafrétti rekur eins og undandfarin ár neyðarsíma þar sem fólk getur hringt inn og fengið grunn ráðleggingar í sínum málum. Síminn gengur milli stjórnarmanna og trúlega hefur hundruðum foreldra verið hjálpað. Langstærstur hluti þeirra sem hringja eru foreldrar og aðstandendur sem eru í vandræðum vegna umgengistálmana, en einnig hringir fólk til að fá upplýsingar um leiðir sem færar eru almennt hvað varðar forsjá, búsetu, umgengni og meðlagsmál. Rúnar Muccio hefur borið mestan þungan af því að vera með símann, en Heimir hefur leyst hann af við og við.


Annað starf

Allir núverandi þingmenn hafa fengið bækling félagsins í hendurnar og stjórnarmenn hafa rétt við nokkra þeirra. Snemma árs fóru tveir stjórnarmenn Heimir Hilmarsson og Rúnar Gísla á fund ráðherra dómsmála, Ögmunds Jónssonar, til að spyrjast fyrir um frumvarpið sem þá var geymt vel í skúffu ráðherrans. Ráðherra tók ágætlega á móti okkur og kvaðst ætla að leggja frumvarpið fram, en þó í breyttri mynd. Ráðherra sagði okkur frá rannsókn sem verið væri að vinna í Danmörku þar sem búist væri við neikvæðri niðurstöðu varðandi dómaraheimildina. Ráðherra sagði okkur ekki að ein þriggja kvenna sem voru á móti dómaraheimildinni í 15 manna dönsku nefndinni Mai Heide væri að framkvæma þessa rannsókn. En með þær upplýsingar hefði það skýrst af hverju ráðherra gat gefið sér það fyrirfram að niðurstaða rannsóknarinnar yrði neikvæð gagnvart dómaraheimild. Okkur varð þá ljóst að dómaraheimildin yrði ekki inni í frumvarpi ráðherra. Stjórnarmenn hafa farið á fundi með frambærilegum þingmönnum, bæði til þess að ýta á þingmenn til þess að koma málunum áfram og einnig til þess að gefa þeim spurningar sem þarf að spyrja. Töluverður fjöldi stuðningsmanna félagsins eru á þingi sem geta komið málum okkar áfram og enn fleiri styðja málstað okkar án þess að vera endilega frummælendur að slíkum málum.

Platform for European Fathers

Í júní síðastliðnum barst okkur boð um að senda fulltrúa á ráðstefnu í Bruzzel. Marije Cornellisse (MEP Dutch Greens EFA) varaformaður the Greens / EFA group sem kemur frá hollenska stjórnmálaafliinu GroenLinks (i. Vinstri grænir) sá um að skipuleggja ráðstefnuna og bauð til hennar feðra og foreldrafréttisfélögum víða um Evrópu. Peter Tromp sem einnig kemur frá Hollandi og þekkir til Marije er aðal frumkvöðullinn að því að stofna þessi samtök en hann hefur starfað fyrir Vader Kennis Centrum (VKC) (Father Knowledge Centre Netherlands og Father Knowledge Centre Europe (FKCE)). Peter sá um að safna saman evrópskum feðrum til að stofna samtök og Marije sá um að fjármagna þennan fyrsta hitting samtakanna.

Félag um foreldrajafrétti



This photo was taken at the steps of the European Parliament in Brussels, where on the 27th of June 2011, 16 father-, fatherhood and equal parenting organisations representing 12 European countries (Austria, Belgium, Germany, Greece, Hungary, Iceland, Ireland, Netherlands, Portugal, Spain, Switzerland and United Kingdom) came together to establish the new Platform for European Fathers (<http://www.europeanfathers.eu>).

Á stofnfundinum voru valdir þrír menn til að leiða hópinn:

- Josep Egan frá Parental Equality Ireland (PEI) formaður
- Rob Williams frá Fatherhood Institute UK varaformaður
- Peter Tromp frá " - Vader Kennis Centrum (VKC) Netherlands ritari

Þegar sumarfrí voru að klárast þá hófust fundarhöld stjórnarinnar og fundum við nú alla miðvikudaga frá kl. 18:00 til 21:00. Stefnt er að því að stækka samtökin þannig að fleiri samtök frá fleiri löndum komist inn og er það meðal annars hlutverk fulltrúa Félags um foreldrajafrétti að ná sambandi við skyld félög á Norðurlöndunum til að fá þau til liðs við okkur.

PEF advertises the following main objectives:

1. to be active in the advancement of fathers interests to the European Parliament and on the EU policy level
2. to have the best interests and (human) rights of children towards both their parents and extended families at the heart of all activities
3. to promote involved fatherhood and an equality-based work-life balance regarding

Félag um foreldrajafrétti

parenthood for working fathers on the EU social policy level particularly in reference to paternity and paternal leave

4. to seek and promote father inclusive policies in EU legislation and institutions and the harmonisation of European social policies and equal parenting legislation particularly referring to the implementation of a presumption of shared custody, care and residence
5. to seek the implementation of all European Convention articles for Human Rights and the jurisprudence by the European Court for Human Rights in all European countries
6. to seek the implementation of shared legal and physical custody and co-residence in EU legislation and social policies
7. to seek full gender equality in society, specially for fathers and fatherhood in the parenting and caring for children at home, in childcare and in education
8. to be inclusive to all organisations representing fathers with no gender discrimination
9. to better the unequal legal position of unmarried fathers in relation to their children
10. to further the interests of all fathers, with a particular emphasis on 'low SES' and immigrant fathers in EU legislation and social policies
11. to further the advancement and protection of the relations of bi- and transnational children with their fathers
12. to further research into and to promote measures to address the presently emerging "boys crisis" in education as potential future fathers

Tenging Félags um foreldrajafrétti við samtök sem ná yfir alla Evrópu hjálpar okkur að fá upplýsingar um hvað er að gerast í öðrum löndum. Sú tenging er að byrja að þróast en mun gera okkur mun sterkari í allri umfjöllun.

Utan úr heimi

Tvær mæður dæmdar til þriggja ára fangelsisvistunar fyrir umgengnistálmun (parental kidnapping)

Belgian judge convicts two mothers to 3 years in prison for parental kidnapping

Belgian Daily Newspaper The Morning (De Morgen) – Belga Press Agency – Edited translation from Dutch to English by Peter Tromp - 07/10/11, 17u10

<http://www.demorgen.be/dm/nl/989/Binnenland/article/detail/1330517/2011/10/07/Rechter-geeft-moeders-3-jaar-cel-voor-parentale-ontvoering.dhtml>

The criminal court of Antwerp, Belgium, has sentenced Daphne M. (43) to three years in prison for parental kidnapping. She took her daughter to Bali (Indonesia) because she could not accept that the father had access rights. Earlier back in 2008 the woman was also already convicted to three years (and one day) in prison for the same offence. The court ordered her immediate arrest.



Daphne M. and Peter V.W. from Antwerp separated from each other in 2001. The father was granted access rights, and that went perfectly according to him until he got a new girlfriend. Then the accused began to accuse him that he sexually abused their daughter - now 11.

She filed a report with the police, but the man was acquitted from persecution. Yet she continued to refuse him any contact with his daughter and eventually moved to Bali without his knowledge.

Financial Aid

Daphne M.'s mother (i.e. the grandmother) gave her financial support and therefore was also persecuted with her. The woman claimed that her daughter had gone to Bali against her will and that she suffered from that. Therefore she did not want to leave her daughter abandoned, and slipped them some money. She was acquitted by the court.

Second mother convicted

Curacao

Shortly before the Antwerp criminal court in today's session also in absentia sentenced Monica V.d.B. (47), a second mother who also kidnapped her child, to three years in prison. She took her children to Curacao (Dutch Antilles) and kept them away from their father, who has custody, for three years. The court ordered her immediate arrest.

Sole custody

Monica V.d.B. and Xavier G. from the Belgian village of Boechout have three children: two daughters who are 17 and 20 and a son of 19. The accused and her new husband together with the two youngest children - who then were minors - moved to Curacao in June 2008, even though the judge prohibited them to do so. In November 2008 the judge awarded the father sole custody.

Resentment

According to the court the defendant manifestly ignores every judicial decision out of selfishness and resentment and does not take into account the needs of her children. She has never made any serious or constructive attempts to make contact between the father and his offspring possible. She has to pay her ex-husband 5,000 euros in compensation for damages. (Belga / tma)

Ungverjaland bótaskyld vegna úrræðaleysis í umgengnistálmunum segir Mannréttindadómstóll Evrópu

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur dæmt Ungverjaland til að borga írskum föður 32.000 evrur eða rúmar 5,2 milljónir íslenskra króna vegna úrræðaleysis í umgengnistálmun.

Mannréttindadómstóll Evrópu úrskurðaði nýlega að Ungverjaland yrði að borga 32.000 evrur til írskis föður sem býr í Frakklandi en faðirinn hafði ekki fengið að sjá dóttur sína í þrjú og hálf ár. Dóttirin á ungverska móður.

Hjónin skildu árið 2005 þegar dóttir þeirra var fimm ára og fóru með sameiginlega forsjá samkvæmt dómsorði frá 2007. Í desember 2007 fór móðir með barnið til Ungverjalands í vetrarfrí en innritaði dótturina í ungverskan skóla næsta mánuð og hafði engin áform um að snúa aftur til Frakklands. Faðirinn leitaði til ungverskra dómstóla sem úrskurðuðu sex mánuðum síðar að barnið yrði að fara aftur til Frakklands.

Ungversk yfirvöld hafa árangurslaust reynt að fá móður til að hlýða úrskurði. Móðirin var handtekin í júlí 2009 í samkvæmt franskri handtökuskipun en henni var sleppt lausri daginn eftir. Nokkrum dögum eftir handtökuna, hljópst móðirin á brott með barnið og hefur ungverskum stjórnvöldum ekki tekist að hafa upp á þeim.

Faðirinn snéri sér aftur til ungverska yfirvalda til að fá hjálp við að finna dóttur sína en á sama tíma dæmdi franskur dómstóll föðurnum einum fulla forsjá barnsins. Í janúar 2009 leitaði faðirinn loks til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Mannréttindadómstóllinn telur Ungversk stjórnvöld hafa brotið á 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu þar sem faðir og dóttir hafi ekki getað umgengist hvort annað. Dómstóllinn úrskurðaði Ungverjaland til að borga föður 20.000 Evrur sem bætur og endurgreiði honum 12.000 Evrur vegna réttaraðstoðar hans.

Meira á <http://www.foreldrajafrretti.is/?p=3611>

Staða mála á Íslandi

Frumvarp til breytinga á barnalögum hvað varðar meðlagsmál

Frumvarp þetta liggur enn óhreift ofan í skúffu Innanríkisráðherra frá því 4. febrúar 2010.

Gísli Gíslason fyrrverandi formaður Félags um foreldrajafrétti, þá Félag ábyrgra feðra, skrifaði viðamikla skýrslu um meðlagskerfið á Íslandi í samanburði við önnur lönd fyrir Dómsmálaráðuneytið í apríl 2008 sem varð tilefni að stofnun nefndar um málið. En þann 13. maí 2008 skipaði síðan þáverandi Dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að fara yfir reglur barnalaga um framfærslu barna með það fyrir augum að kanna hvort núverandi fyrirkomulag þjóni hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti. Nefndinni var falið að kalla eftir sem flestum sjónarmiðum og haga störfum sínum með þeim hætti að þær hugmyndir að breytingum sem fram komi fái sem víðtækasta umfjöllun. Nefndina skipa Guðný Björk Eydal, dósent í félagsráðgjöf, sem jafnframt er formaður hennar, Ásgeir Eiríksson, fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík, og Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur hjá Barnaverndarstofu. Formaður og varaformaður Félags um foreldrajafrétti fóru á fund þessarar nefndar og nú hefur nefndin skilað álitinu sínu í formi frumvarps.

Félagið hefur skilað inn umsögn sinni um verk nefndarinnar þar sem lögð er áhersla á þá skoðun okkar að meðlag eigi að vera einskonar neyðarráðstöfun þegar foreldri hefur ekki kost á því að framfæra barn sitt með beinum hætti. Bestu hagsmunir barns hljóta að vera þeir að foreldri framfæri það með beinum og milliliðalausum hætti þannig að framfærsla og umönnun fari saman.

Félagið telur miklar framfarir liggja í þessu frumvarpi um breytingar á meðlagskerfinu. Of lítið er þó tekið tillit til beinnar framfærslu foreldris með umgengni og umönnun við barnið sjálft. Mun meira er gert úr tekjujöfnun foreldra sem ekki búa saman en raunverulegri framfærslu barns.

Frumvarp til breytinga á barnalögum hvað varðar forsjá og umgengni

Forsögu þessa frumvarps má rekja að miklu leiti til starfa nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Fyrrverandi formaður Félagsins, Lúðvík Börkur, sat fyrir hönd félagsins í nefndinni sem var á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Nefndinni var ætlað að fjalla um hagsmuni einstæðra foreldra, forsjárlausra foreldra, stjúpfareldra og barna þeirra. Fyrsti fundurinn var í desember árið 2007 og lauk störfum í apríl 2009.

Niðurstöður nefndarvinnunnar voru settar fram í skýrslu ásamt tillögum til breytinga. Tillögur nefndarinnar eru að miklu leiti í samhljómi við stefnu Félags um foreldrajafrétti en hér eru þær tillögur sem nefndin var almennt sammála um:

Nefndin telur rök standa til þess að:

- afnema sjálfvirka forsjá stjúp- og sambúðarforeldris.
- færa íslenska löggjöf til samræmis við norræna og evrópska löggjöf sem heimila dómara að dæma sameiginlega forsjá barns gegn vilja annars foreldris enda þjóni það hagsmunum barnsins.

Félag um foreldrajafrétti

- forsjár- og forsjárlausir foreldrar hafi sama rétt til aðgangs að skriflegum upplýsingum um barn sitt.
- bæta málsmeðferð umgengnismála hjá sýslumönnum og opna fyrir heimild foreldra til að reka mál sem eingöngu snýst um umgengni fyrir dómstólum.
- sýslumenn og dómaraar fái heimild til að ákveða umgengni 7 af 14 dögum.
- báðir foreldrar beri almennt kostnað af umgengni en komi til ágreinings skuli taka tillit til tiltekinna sjónarmiða.
- maður sem telur sig föður barns geti höfðað ógildingar-/vefengingarmál þegar um feðrað barn er að ræða.
- barn eigi rétt á umgengni við stjúpforeldri og sýslumenn fái heimild til að úrskurða um umgengni við stjúpforeldri eftir skilnað eða sambúðarslit við foreldri.
- barn njóti rýmri umgengnisréttar við ömmu og afa en nú er og sýslumenn fái rýmri heimild til að úrskurða um umgengni við þau.
- Nefndin telur nauðsynlegt að endurskoða barnalögina og tryggja að unnt verði að grípa til skilvirkari úrræða vegna tilefnislausra umgengnistálmana.

Í kjölfar niðurstöðu þessarar nefndar skipar Björn Bjarnason, þáverandi Dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að fara yfir reglur barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni í því skyni að skoða hvort tilefni sé til að breyta íslenskri lögjöf í þessum efnum. Telji nefndin tilefni til lagabreytinga skal hún skila niðurstöðu nefndarinnar í formi frumvarps til breytinga á barnalögum. Frá árinu 2006 hefur sameiginleg forsjá verið meginregla hér á landi en nefndin á sérstaklega að kanna möguleika á dómaraheimild, þ.e. heimild dómara til að dæma í sameiginlega forsjá þrátt fyrir að annað foreldri sé því andvíg. Nefndin á til að mynda að taka mið samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og gefa vandlega gaum að reglum annarra norrænna ríkja um forsjá, búsetu og umgengni.

Félag um foreldrajafrétti gerði athugasemdir við skipun nefndarinnar þegar ljóst varð að lögfræðingurinn Hrefna Friðriksdóttir var fengin til að stýra þessu nefndarstarfi, en Hrefna hefur ekki legið á skoðun sinni í fyrri nefndarstörfum að hún er á móti öllum þeim breytingum sem talsmenn foreldrajafréttis hafa lagt til. Erindisbréf Dómsmálaráðherra kom skömmu síðar og var mjög ítarlegt. Þar er bent á að víðtæk endurskoðun hafi farið fram í öðrum norrænum ríkjum á undanförunum árum og reglur um forsjá, búsetu og umgengni séu um margt sambærilegar milli landa nema hvað Ísland skeri sig úr.

Félag um foreldrajafrétti sendi fulltrúa á fund þessarar nefndar þegar til þess kom og nú hefur nefndin skilað af sér tillögum í frumvarpsformi.

Frumvarp þetta er bæði mjög langt og snúið. Þegar á heildina er litið þá er frumvarpið töluverð réttarbót en þó með miklum annmörkum sem sérstaklega felast í því að í sameiginlegri forsjá eru gerð skýr mörk á réttarstöðu lögheimilisforeldris annarsvegar og umgengnisforeldris hinsvegar. Lögheimilisforeldrið mun þannig fara með raunverulega forsjá barns þrátt fyrir svokallaða sameiginlega forsjá. Umgengnisforeldri með sameiginlega forsjá er þannig fært nær þeim forsjárlausu

Félag um foreldrajafrétti

í réttarstöðu en þó enn með nokkurn rétt umfram.

Félagið hefur skilað inn mjög ítarlegri umsögn um þessar breytingar og mun sú umsögn fylgja frumvarpinu inn á þing.

Frumvarp til breytinga á barnalögum hvað varðar forsjá og umgengni lagt fram á þingi

Þann 5. maí 2011 leggur Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónsson, fram frumvarp til breytinga á barnalögum. Ráðherra treysti sér ekki til þess að ræða barnalögin af nokkurri þekkingu eða viti þegar hann mælti fyrir því og þingmenn hlógu að vanþekkingu hans.

Ögmundur hefur í fávisku sinni tekið út heimild dómara til að dæma foreldra til þess að fara sameiginlega með forsjá barns. Í fávisku sinni er sterkt til orða tekið en þau rök sem Ögmundur ber fyrir sig varðandi þessa ákvörðun sína eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Ögmundur segir t.d. að foreldrar þurfi þá að vera sammála um í hvaða skóla barnið fer. Það er rangt því lögheimilisforeldri ræður því í hvaða skóla barnið fer. Lögheimilisforeldri hefur í dag nánast allt vald yfir því hvar barnið býr, hvar það lærir og hvar það stundar sínar tólmstundir. Í frumvarpinu er enn frekar tekið á rétti lögheimilisforeldris umfram þess foreldris sem ekki fer með lögheimili barns til að tryggja enn betur að lögheimilisforeldri lendi ekki í vandræðum með vald sitt komi til þess að dómari dæmi sameiginlega forsjá. Ofan á allt það vill Ögmundur halda því til streytu að dómurum Íslands verði áfram bannað að dæma því sem barni er fyrir bestu þegar um er að ræða sameiginlega forsjá.

Þingmennirnir Margrét Tryggvadóttir og Guðmundur Steingrímsson lýstu bæðu yfir miklum vonbrigðum með frumvarpið enda búið að taka út megintilgang þess. Guðmundur benti meðal annars á að þó dómaraheimildin hafi verið tekin út úr frumvarpinu þá standa enn inni í frumvarpinu rökinn fyrir því af hverju heimila beri dómara að dæma í sameiginlega forsjá. Aðeins niðurstöðunni var breitt. Óhætt er að segja að það bendi til þess að um geðþóttaákvörðun ráðherra hafi verið að ræða.

Tvær nefndir hafa lagt mikla vinnu í að finna hvernig best sé að breyta barnalögum. Fyrst fjölmenn nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum á vegum Félagsmálaráðuneytisins en sú nefnd skilaði af sér mörgum góðum tillögum til breytinga á barnalögum árið 2009. Önnur nefnd á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins var sett á til þess að skrifa frumvarp sem tæki meðal annars mið af niðurstöðum fyrri nefndar og sérstök áhersla var lögð á dómaraheimildina. Seinni nefndin skilaði af sér drögum að frumvarpi í ársbyrjun 2010 þar sem lítill hluti þessara góðu tillagna fékk brautargengi. Heimild dómara til þess að dæma í sameiginlega forsjá var þó inni í drögum og meirihlutinn af frumvarpinu var skrifaður utan um þessa nýju heimild dómara.

Nú hefur Ögmundur ákveðið án nokkurra haldbærra skýringa að fjarlægja dómaraheimildina og stendur þá varla nokkuð eftir nema litlar leifar af góðum ásetningi fyrri ráðherra. Ein mjög svo sérstök röksemd ráðherrans er sú að: "Reynslan sýnir að mat dómans hefur iðulega verið slæmt fyrir barnið og friðinn sem á að ríkja um það". Eða með öðrum orðum þá lýsir ráðherra dómsmála algjöru vantrausti á dómstóla og dómara þeirra.

Einnig vísaði ráðherrann í ógerðar en væntanlegar norrænar rannsóknir að órannsökuðu máli sem benda til þess að dómaraheimild sé ekki góð. Hann talaði hins vegar ekkert um þær rannsóknir, reynslu og umræðu sem liggja fyrir og urðu til þess að dómaraheimild er í öllum ríkjum V-Evrópu að

Félag um foreldrafrétti

Íslandi undanskyldu.

Eftir að ráðherra hafði lokið kynningu sinni á frumvarpi til breytinga á barnalögum þá hóf Guðmundur Steingrímsson umræðu um tvö veigamikil mál sem ættu heima í frumvarpinu. Ræða Guðmundar er góð og ég mæli með að þið hlustið.

[Ræða Guðmundar Steingrímssonar](http://www.althingi.is/raedur/?start=2011-05-10T17:47:41&end=2011-05-10%2018:02:35) er á þessari slóð: <http://www.althingi.is/raedur/?start=2011-05-10T17:47:41&end=2011-05-10%2018:02:35>

Athugasemdir Félags um foreldrafrétti við frumvarpi Ögmundar

Dómarameimild

Í frumvarpsdrögum eins og þau komu inn á borð ráðherra var nokkuð tekið tillit til alþjóðlegrar þróunar á barnarétti og þeirra tillagna sem tvær íslenskar nefndir um málið lögðu einróma til. Í frumvarpi Rögnu var lagt til að dómaraar gætu dæmt foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barns teldu þeir það barni fyrir bestu. Allar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa slíka heimild og engin þeirra hefur afnumið slíka heimild við endurmat í ljósi áratuga reynslu. Ákvæðið þykir setja niður deilur foreldra og auka sáttfýsni þeirra enda ljóst að hvorugt þeirra fer sigurveg í dómssal. Ráðherra hefur nú fellt út þessa dómarameimild og geta þá íslenskir dómaraar einungis dæmt öðru foreldrinu forsjá og þar með svipt hitt foreldrið forsjá barns. Íslenskum dómurum er ekki treyst til að dæma mildasta úrræðið.

Þar sem frumvarpið var skrifað utan um dómarameimildina verða fjölmargar aðrar breytingar algjörlega marklausar og frumvarpið í heild sinni til ópurftar. Ný sátta-meðferðarúrræði fyrir tugi eða hundruði milljóna verður soun á almannafé. Öll merki eru um að ráðherra sé að ganga erinda öfgahópa innan kvenréttindahreyfingarinnar sem ætíð hafa barist gegn öllum breytingum í þá átt að færa réttarstöðu íslenskra feðra í það horf sem þekkist hjá nágrannaþjóðunum. Þau rök ráðherra, fyrir því að fella út dómarameimildina, að einhver hafi verið ónægður í Svíþjóð og hugsanlega eigi að skrifa skýrslu í Danmörku eru léttvæg enda ljóst að í sífjamálum af þessu tagi verða aldrei allir sáttir. Horfa þer frekar til þess að þjóðþing allra þeirra landa sem við berum okkur saman við hafa á undanföllum 4-5 árum endurskoðað þessi mál með þingnefndum og mikilli sérfræðivinnu og komist að þeirri niðurstöðu að halda áfram með dómarameimild. Má þar nefna Svíþjóð 2006, Dani 2007 og Norðmenn 2009. Allar þjóðirnar gáfu út stórar og viðmiklar skýrslur um málið og niðurstaðan einhlít: Annað foreldrið á ekki að ráða því eitt hvort barn sé í sameiginlegri forsjá beggja enda verður þá enginn vilji til sátta.

Frumvarp þetta hlýtur að taka breytingum í meðförum þingsins og dómarameimildin að fara inn aftur þar sem æðstu stofnanir Samfylkingar, Sjálfstæðis-flokks og Framsóknarflokks hafa allar samþykkt ályktanir á síðustu árum um að dómaraar á Íslandi eigi að hafa heimild að dæma sameiginlega forsjá.

Kostnaður við umgengi

Í frumvarpsdrögum frá 2010 hafði verið sett inn ákvæði um sanngjarna skiptingu á kostnaði vegna umgengni. Umgengni er sameiginlegt mál beggja foreldra og eitt helsta hagsmunamál barna. Eðlilegt

Félag um foreldrajafrétti

er í þeim tilvikum þar sem kostnaður við umgengni er verulegur, til dæmis flugferðir, þá beri foreldrarnir kostnaðinn jafnt. Slíkt fyrirkomulag er grunnregla í lögum annarra Norðurlanda, en í íslenskum lögum er sérstaklega tiltekið að umgengnisforeldri skuli borga kostnað við umgengni, þó úrskurða megi um kostnaðarskiptingu. Grunnreglan íslenska er mjög ósanngörn, til dæmis þegar lögheimilisforeldri flytur um langan veg og býr þannig til kostnað fyrir umgengnisforeldrið.

Nú hefur þessi breyting verið tekin út og það ítrekað enn frekar en í núverandi lögum að umgengnisforeldri skuli greiða allan kostnað vegna umgengni barns. Jafnframt er því bætt við að hægt verði að gera fjárnám vegna umgengniskostnaðar.

Eðlilegt er að grunnreglan sé að kostnaður skuli skiptast jafnt milli foreldranna, enda um hagsmunamál barnsins að ræða. Hér er um klára mismunun milli lögheimilisforeldra og umgengnisforeldra að ræða sem tíðkast ekki í öðrum löndum. Lendir þessi mismunun í yfir 95% tilvika á körlum og er því klárlega kynbundinn.

Umgengnistálmanir

Þegar ráðherra vísaði frumvarpinu til Allsherjarnefndar þá bað hann sérstaklega að nefndin kannaði inngríp með lögreglu í „dagsektarmál“ eins og hann orðaði það. Ráðherra lýsti efasemdum sínum með þeirri aðgerð þegar umgengni er komið á með aðfarargerð. Það gefur vísbendingu um sjónarhorn ráðherra að hann kallar tálmunarmál dagsektarmál þó öllum eigi að vera það ljóst að innsetning með aðför lögreglu er til þess að stöðva tálmun en ekki til þess að vinna á dagsektum.

Þegar Allsherjarnefnd skoðar aðfarargerðir í umgengnistálmunum þá er betra að vita hvers vegna þessi heimild kom inn í barnalögin á sínum tíma. Orðrétt úr greinargerð með barnalögum nr. 76/2003: (feitletrað er breyting í umsögn)

„Sérstök ástæða er til að vekja athygli á að með lögfestingu þessara tillagna verður íslensk löggjöf í betra samræmi við löggjöf annarra norrænna ríkja, sbr. nánar um erlendan rétt í fylgiskjali I með frumvarpi þessu.

Í þessu sambandi er og vert að geta þess að af hálfu Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið litið svo á að **skortur á að ríki framfylgi lögmætri umgengnisákvörðun yfirvalda á viðeigandi og fullnægjandi hátt geti talist brot gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu**. Lögfesting ákvæðis sem heimilar beina aðfarargerð eykur möguleika á að umgengnisákvörðun verði fullnustuð og er því til samræmis við fyrrgreind sjónarmið.“

Það er því mikilvægt að aðfarargerð verði ekki tekin út úr lögnum nema annað skilvirkara úrræði komi þess í stað eins og til dæmis að færa lögheimili barns til þess foreldris sem líklegra er til þess að tálma ekki umgengni. Meira um tálmanir í fylgiskjali 1.

Almennt um kröfur félags um foreldrajafrétti

Félag um foreldrajafréttim, hér eftir nefnt **Foreldrajafrétti**, hefur haldið á lofti 10 kröfum sem við teljum mikilvægt að komist inn í barnalögin. Hér er listi yfir þessar kröfur og hvaða afstaða hefur verið tekið til þeirra í:

Félag um foreldrajafrétti

- Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum á vegum Félagsmálaráðuneytisins 2009 sem skipuð var 11 sérfræðingum og fulltrúum hagsmunahópa hér eftir kölluð **Stóra-nefndin**. Þrír nefndarmenn tóku ekki afstöðu til mála.
- Nefnd Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem skipuð var til að skrifa áður nefnd drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum, hér eftir kölluð **Litla-nefndin**, nefndin var skipuð 3 sérfræðingum.
- Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, hér eftir kallaður **ráðherra**.

Kröfur Foreldrajafréttis sem jafnframt voru einróma samþykktar tillögur Stóru-nefndarinnar og Litlu-nefndarinnar og eru einnig í frumvarpi ráðherra:

- Öll sjálfvirk forsjá sambúðaraðila eða maka falli niður.
- Forsjárlausir foreldrar fá aðgang að skriflegum upplýsingum.
- Dómarar fá heimild til að dæma umgengni í allt að 7 daga af 14

Kröfur Foreldrajafréttis sem einnig voru einróma samþykktar tillögur Stóru-nefndarinnar og Litlu-nefndarinnar: (Vantar í frumvarp)

- Dómarar fá heimild til að dæma sameiginlega forsjá
- Kostnaður við umgengni verður sameiginlegur

Kröfur Foreldrajafréttis sem einnig voru einróma samþykktar tillögur Stóru-nefndarinnar: (Vantar í frumvarp)

- Karlmonnum verði heimilt að höfða ógildingar-/vefengingarmál (v.faðernis)
- Umgengnismál verði hluti af dómskerfinu
- Hert verði á refsingum og meðferð umgengnistálmana

Kröfur Foreldrajafréttis sem einnig voru samþykktar tillögur Stóru-nefndarinnar með miklum meirihluta eða aðeins með eitt móttakvæði: (Vantar í frumvarp)

- Tvöfallt lögheimili barns gert valkvætt
- Takmörkun á lögheimilisflutningi barns sem hefur umgengni

Umsagnir Félags um foreldrajafrétti og ráðstefna um umgengnistálmanir er að finna hér:

Umsagnir: <http://www.foreldrajafrnretti.is/?p=1011>

Ráðstefna: <http://www.foreldrajafrnretti.is/?p=1002>

Hvað vill fólkið sem hefur reynslu af málaflokknum.

Könnun Sigrúnar Júlíusdóttur var mjög viðamikil, en hringt var til allra sem höfðu skilið í Reykjavík á tveggja ára tímabili. Í ljós kom að meirihluti bæði kvenna og karla vildi dómaraheimild – samtals um 72% allra. Einnig var meirihluti fyrir því að vilja gera foreldrum það valkvætt að barn gæti átt tvö lögheimili enda kom í ljós að fjórðungur þeirra sem skilja eru með svokallað viku og viku fyrirkomulag.

Ljóst er því að Ögmundur veit betur en fólkið sem hefur reynsluna og Ögmundur veit betur en meirihluti allra vestrænna þjóðþinga með öllum þeim sæg af sérfræðingum sem koma að slíkri lagasetningu. Ögmundur telur betra að annað foreldrið ráði því í raun hvort barn sé í sameiginlegri forsjá beggja eða ekki – og því ósammála þeim grundvallarrökum allra annarra að það skuli vera ákvörðun beggja að taka slíka ákvörðun og dómstólar skeri úr um það ef sáttameðfeð dugar ekki til. Ögmundur virðist telja að sáttameðferð án dómaraheimildar geti skilað nægjanlegum árangri en meirihluti allra annara vestrænna þjóðþing og fólkið sem hefur reynsluna veit að sáttameðferð er gagnlaus þegar ljóst er að annað foreldrið veit að það hefur unnið mál fyrir dómi. Sáttaviljann vantar. Fælingarmáttur dómaraheimildar er því lykilatriði og grunnástæða þess að málum fækkar fyrir dómstólum eftir að hún er tekin upp. Þetta vita allir sem hafa kynnst sér málið.

Ráðstefna í Háskóla Íslands um reynslu Dana eftir að dómaraheimild var tekin upp.

Þegar Ögmundur Jónasson lagið fram fúmvarp sitt án dómaraheimildar voru mikilvæg rök hjá honum að talsverðrar óánægju gætti í Danmörku með fyrirkomulagið. Það voru nýjar fréttir fyrir okkur hjá Félagi um Foreldrajafrétti, enda engin skrif verið í þá átt í danska þjóðfélaginu samkvæmt þeim samtökum sem við höfðum samband við í kjölfar þessa. Í ljós kom að heimild ráðherra var Mai Heide sem átti sæti í nefnd þeirri sem skrifaði skýrsluna „Barnets Perspektiv“ fyrir danska þingið árið 2006 um dómaraheimild. Danska þingið samþykkti síðan í kjölfarið dómaraheimild með víðari heimildum en skýrslan lagði til.

Í dönsku nefndinni áttu sæti 15 sérfróðir aðilar og var niðurstaðan sú að 12 (6 konur og 6 karlar) lögðu til og samþykktu texta um að taka uppdómaraheimild en 3 voru á móti (3 konur)

Þeir sem voru meðfylgjandi:

Per Walsø, hæstaréttardómari, formaður nefndarinnar

Lene Hjerrild dómari, tilnefnd af danska dómarafélaginu

Jette Otkjær sálfræðingur, tilnefnd af danska sálfræðingafélaginu

Birgitte Pedersen, tilnefnd af Börnerádet.

Anja Cordes, skilnaðarlögfræðingur, tilnefnd af Lögfræðingafélaginu

Henrik Leth, tilnefndur af „foreningen for Statamtænd“ (Félagi Sýslumanna)

Jesper Thumand, tilnef. af „foreningen for chefer i statamterne“ (félagi yfirmanna sýslumannsemb)

Erik Kofold, tilnefndur af Foreningen Far (danska félagið um foreldrajafrétti)

Félag um foreldrajafrétti

Kirsten Rogvi, tilnefnd af „Ministeriet for Familie- og Forbrugeranliggender“

Dorrit Nielsen, tilnefnd af „Familiestyrelsens“

Svend Danielsen, Professor og „ekstern juridisk familieretsexpert“

Þeir sem voru á móti:

Mai Heide, Lektor og „børnesaksyndig“ í rannsóknum

Inge Schmidt, ráðgjafi, tilnefnd af „mødrehjælpen“

Bente Bente, sjálfstæður ráðgjafi, tilnefnd af „Børns Vilkår“

Aðalheimild Ögmundar þegar hann leggur fram frumvarp sitt, og margvitnaði til í umræðum á þingi, er sem sagt Mai Heidi og rannsókn hennar sem bar titil um afleiðingar dómaraheimildar sem er „þvinguð“ (enforced) af dómstólum. Af mikilli tilviljun stendur Háskóli Íslands fyrir því að bjóða Mai Heidi til Íslands nú í október 2011 og kynna glænýjar og óbirtar niðurstöður rannsóknarinnar. Ögmundur Jónasson mætir á ráðstefnuna ásamt Höllu Gunnarsdóttur aðstoðarmanni sínum. Halla er fyrrverandi talskona Feministafélags Íslands, en minna má á að það félag sendi árið 2006 umsögn til Alþingis og lýsti sig andsnúið því að sameiginleg forsjá yrði að meginreglu á Íslandi. Á það var ekki hlustað enda Ísland þá eina landið sem ekki hafði sameiginlega forsjá sem meginreglu.

Niðurstöður rannsóknar Mai komu verulega á óvart og aðspurð af stjórnarmanni í Félagi um Foreldrajafrétti hvort ekki væri ljóst að niðurstöðurnar sýndu fram á góða reynslu af dómaraheimildinni í Danmörku svaraði hún því hvorki játandi né neitandi. Sagðist hún hafa verið andsnúinn heimildinni en ljóst væri að vel hafi tekist til, en frekari rannsóknir þyrfti til. Í innan við helmingi tilfella dæma danskir dómstólar sameiginlega forsjá þó annað foreldrið sé því mótfallið. Þau börn eru í mun betri tengslum við báða foreldra sína en þau börn sem dómstólar dæma öðru foreldrinu fulla forsjá. Ekki er munur á deilustigi þeirra foreldra sem dæmdir eru til sameiginlegrar forsjár en hinna sem hafa samið um hana sín á milli. Mai hafði hinsvegar ekki tölur um það hvort málum hafi fækkað fyrir dómstólum, hvort sættir takast í ríkari mæli og hvort fólki sem skilur sé almennt ánægt eða ekki með dómaraheimildina. Hennar rannsókn styður hinsvegar fyllilega við tugi annara rannsókna sem vitnað hefur verið til í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi í skýrslum sem lagðar hafa verið fram fyrir þjóðþingin í tengslum við endurskoðun á dómaraheimildum, að margar deilur foreldra í kjölfar skilnaðar séu tilfinningalegs eðlis og að foreldrarnir komast yfir þær á skömmum tíma þegar þeim er það gert. Lykilatriðið er einmitt að annað foreldrið geti ekki ráðið því eitt á slíkum viðkvæmum tímamarki hvernig forsjáryfirkomulagið verði til langs tíma þar á eftir, hugsanlega 18 ár ef barnið er nýfætt. Mai sagði orðrétt á kynningunni að dönskum dómurum hafi greinilega tekist að meta þá foreldra þar sem samvinna sé líkleg til að verða í lagi þar sem deilustig þeirra sé ekki frábrugðið þeirra foreldra sem samið hafa sjálfir um sameiginlega forsjá.

Í fréttáflutningi eftir ráðstefnuna hefur verið ýjað að því að endurskoða eigi fyrirkomulagið í Danmörku á grundvelli þessara rannsókna. Ekkert slíkt kom fram í málflutningi Mai á ráðstefnunni og Félag um Foreldrajafrétti í Danmörku segir enga slíka umræðu vera í gangi – hvorki innan ráðuneytisins né þingsins.

Félag um foreldrajafrétti

Spuni Ögmundar / Höllu um hina meintu óánægju í Danmörku með fyrirkomulagið virðist því ekki eiga við rök að styðjast – þó eins og áður sagði – þá eru sífjamál af þessum toga alltaf umdeild og hávær lítill hópur er til á öllum Norðurlöndunum, sem oftast en ekki er tengdur kvenréttindahreyfingum, sem er eindregið á móti dómarameimild þeirri sem hér um ræðir.

27. október 2011



fh. stjórnar
Heimir Hilmarsson
formaður